

FUNDARGERÐ

335. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 9. nóvember 2022 í fundarsal sjóðsins að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð
2. Sérstök söfnun
3. Flutningsjöfnun
4. Umbótaáætlun
5. Umbúðir úr frauðplasti
6. Mál til kynningar
7. Ársfundur og næstu fundir
8. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Stjórn lagði blessun sína yfir áframhaldandi vinnu á grundvelli fyrirbyggjandi talna vegna undirbúnings kostnaðarábyrgðar vegna sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs o.fl.
2. Stjórn lagði fyrir skrifstofu Úrvinnslusjóðs að tryggja að samþykktar breytingar á verðskrá flutningsjöfnunar yrðu lagðar fyrir stjórnina með þeim hætti að með einföldum hætti mætti rekja samþykktar breytingar til einstakra verðskrárlíða.
3. Ákveðið var að næsti stjórnarfundur yrði haldinn 23. nóvember 2022 kl. 12–14.

4. Ákveðið var að ársfundur Úrvinnslusjóðs verði haldinn eftir hádegi 29. nóvember 2022 að höfðu samráð við fagráðherra og að fundarboð verði sent út sem fyrst.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 11:59

1. Fundargerð

Fyrir fundinum lá fundargerð 333. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs með breytingum sem voru lagðar til af EM. Fundargerðin var SAMÞYKKT og verður hún send stjórnarmönnum að nýju til rafrænnar undirritunar.

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerð 334. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs. Afgreiðslu hennar var frestað.

LM óskaði eftir því að gögn fundarins yrðu stjórnarmönnum greinilegri svo þeir gætu betur áttað sig á hvort þau fælu í sér tillögu til afgreiðslu, framlagningu í kynningarskyni o.s.frv.

2. Sérstök söfnun

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl á fundargátt stjórnar:

1. F335 D02 Forsendur varðandi sérsöfnun á endurvinnsluefni; heimili og grenndarstöðvar
2. F335 D02 Minnisblað um áætlaðan kostnað við aðstöðusköpun söfnunarstöðvar
3. F335 D02 Minnisblað vegna greiðslna til sveitarfélaga vegna sérsöfnunar á endurvinnslustöðvum á söfnunarstöðvum
4. F335 D02 Minnisblað vegna greiðslna til sveitarfélaga vegna sérsöfnunar á endurvinnsluefnum frá heimilum.
5. F335 D02 Sérstök söfnun viðskiptalíkan forsendur

Gunnar Bragason ráðgjafi var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn.

Gunnar gerði stjórn grein fyrir upplýsingum vegna kostnaðarábyrgðar Úrvinnslusjóðs. M.a. ræddi Gunnar söfnun heyrúlluplasts m.t.t. flutningsjöfnunar.

Stjórn ræddi málið, m.a. hvað varðar hlut dagblaða og tímarita í pappírsstraum, nauðsyn þess að horfa til tölfræði sem mun myndast í ljósi gildistöku lagabreytinga um næstu áramót og þörf á gerð úrtakskannana. Þá var rætt um hvata sveitarfélaga til sérstakrar söfnunar, upplýsingagjöf sveitarfélaga vegna hennar, kostnað sveitarfélaga af ýmsu umstangi og heimild þeirra til kostnaðartilfærslu. EM lagði áherslu á að sjóðurinn greiddi hærra gjald fyrir söfnun í sérstökum ílátum en blönduðum. MJ reifaði hugmund um gerð úttektaráætlunar sem yrði lögð fyrir stjórn.

Stjórn lagði blessun sína yfir áframhaldandi vinnu á grundvelli fyrirbyggjandi talna.

3. Flutningsjöfnun

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F335 D03 Flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast – ný útfærsla

Gunnar Bragason ráðgjafi var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn. Gunnar og ÓK gerðu stjórn grein fyrir gögnum um söfnun heyrúlluplasts og efni tillögu um breytingu á verðskrá flutningsjöfnunar.

Stjórn ræddi málið, m.a. hvað varðar staðfestingar sem sjóður fær á ráðstöfun heyrúlluplasts. Lagði stjórn fyrir skrifstofu Úrvinnslusjóðs að tryggja að tillögur um breytingar á verðskrá flutningsjöfnunar verði lagðar fyrir stjórnina með þeim hætti að með einföldum hætti megi rekja efni tillaganna til einstakra verðskrárliða. Átt var við að framlagningin yrði í formi minnisblaðs sem innihéldi tillögu með vísan til viðeigandi verðskrárliða sem eiga að taka breytingum ásamt greinargerð þar sem gerð er grein fyrir verklagi við meðferð og greiðslu flutningsjöfnunar.

Að öðru leyti var umræðum um dagskrárliðinn frestað.

4. Umbótaáætlun

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F335 D04 Verkefnaáætlun vegna úrbótatillagna Ríkisendurskoðunar.

ÓK gerði stjórn grein fyrir breytingum á skilagjaldi vegna ökutækja og umsýslu um næstu áramót og samskiptum við Umhverfisstofnun vegna upplýsingaskila.

Stjórn ræddi málið.

5. Umbúðir úr frauðplasti

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F335 D05 Minnispunktar vegna meðhöndlunar á EPS plasti hjá endurvinnslustöðvum Sorpu
2. F335 D05 SORPA-EPS-Sumup-61022.is.final

Umræðum um dagskrárliðinn var frestað.

6. Mál til kynningar

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F335 D06 Blandað plast frá heimilum.
2. F335 D06 Fyrirkomulag við móttöku ökutækja.
3. F335 D06 Nýtt tölvukerfi Úrvinnslusjóðs.
4. F335 D06 Yfirlit yfir flutningsjöfnun

ÓK gerði stjórn grein fyrir breytingum á endurvinnsluhlutfalli blandaðs plasts frá heimilum og kostnaðarbreytingum vegna meðferðar slíks úrgangs.

7. Ársfundur og næstu fundir

ÁKVEÐIÐ var að næsti stjórnarfundur yrði haldinn 23. nóvember 2022 kl. 12–14.

ÁKVEÐIÐ var að ársfundur Úrvinnslusjóðs verði haldinn eftir hádegi 29. nóvember 2022 að höfðu samráð við fagráðherra og að fundarboð verði sent út sem fyrst.

8. Önnur mál

MJ gerði stjórn grein fyrir fundi með umhverfis- orku og loftslagsráðherra þar sem m.a. hefði komið fram áhersla á að sjóðurinn tæki veiðarfærasamninginn til meðferðar að nýju.

Fleira var ekki gert á 335. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 13:38.